



SJÁLFSMATSSKÝRSLA

2018-2019

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur	4
Fjarnám.....	6
Vottun á gæðastjórnunarkerfi fjarnáms.....	6
Námskrá skólans.....	7
Mat á skólastarfinu.....	8
Verk- og framkvæmdaáætlun 2019-2021	9
Innra mat	10
Sjálfsmatsteymi	10
Tölulegar upplýsinga	11
Niðurstöður kennslumats.....	15
Brotthvarf	17
AM - nemendur	18
Náms- og starfsráðgjöf	19
Félagslíf nemenda	20
Umhverfismál	20
Heilsuefandi framhaldsskóli	21
Námskrá	21
Stefnur og skýrslur.....	22
Erlent samstarf	26
Ytra mat.....	28
Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis	28
Stofnun ársins 2019.....	29
Markmið og úrbætur.....	33
Eldri markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2018/2019	33
Markmið sem stefnt skal að á skólaárinu 2019/2020	35

Inngangur

Fjölbrautaskólinn við Ármúla hefur starfað sem slíkur í bráðum 40 ár og er orðinn rótgróinn í íslenska skólakerfinu. Skólinn, sem er með fjölmennari skólum í landinu, var með um 900 dagskólanemendur og yfir 1200 fjarnemendur á haustönn 2018. Á vorönn voru samsvarandi fjöldatölur 840/1130. Starfsmenn voru alls um 120 báðar annir.

Nemendahópurinn hefur alla tíð verið fjölbreyttur bæði ef litið er á aldurssamsetningu og uppruna. Á fyrstu árum skólans var stór hluti hópsins utan af landi en með fjölgun framhaldsskóla á landsbyggðinni hefur sá hópur minnkað hlutfallslega. Alla tíð hafa nemendur verið á breiðu aldursbili allt frá nýnemum upp í fullorðið fólk sem er að ljúka síðustu áföngum á langri leið. Loks má geta þess að á síðari árum er vaxandi hluti nemendahópsins með annað móðurmál en íslensku

Frá upphafi hefur skólinn lagt áherslu á gagnkvæma virðingu og umhyggju starfsfólks og nemenda sem stuðlað hefur að heilbrigðu og góðu andrúmslofti innan skólans. Hann hefur líka verið framarlega í flokki varðandi nýngar í kennsluaðferðum, námsefnisgerð, námsmati og fleiru sem til framfara horfir um leið og byggt hefur verið á því vel hefur reynst í gegnum árin.

Í skólanum eru fjórar hefðbundnar bóknámsbrautir til stúdentsprófs og ein íþrótt- og heilbrigðisbraut sem einnig lýkur með stúdentsprófi. Þar er líka að finna grunnám heilbrigðisgreina, starfsmenntabrautir á heilbrigðissviði og í nýsköpun og listum, viðbótarnám á starfsmenntabrautum til stúdentsprófs, sérnámsbraut og auk þess almenn námsbraut sem er undirbúningur fyrir þá sem uppfylla ekki skilyrði til að vera teknir inn á brautir.

Í landinu er stór og vaxandi hópur ungmenna sem á sér annað móðurmál en íslensku og mörg þeirra leita hingað þegar að kemur að framhaldsskólanámi. Hér í skólanum hefur þessum hóp verið sinnt sérstaklega; einkum með því að bjóða upp á sérhæfða íslenskuáfanga en ekki síður með því að fá þessum nemendum eigin kennslustjóra sem heldur utan um þeirra mál. Mikið verk er samt óunnið í þessum málum og stefnt er að því að bæta um betur á næstu önnum. Sérnámsbrautin síðan er ætluð nemendum með fötlunargreiningu. Skólinn rekur einnig öflugt fjarnám og hefur verið leiðandi á því sviði síðan það hófst árið 2002.

Í skólastarfinu hefur alla tíð verið lögð áhersla á þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum, t.d. á vegum Erasmus+, Nordplus og uppbyggingarsjóðs EFTA. Verkefnin hafa skilað nýjum áherslum inn í skólastarfið, sem dæmi má

nefna sjálfbærnistefnu og stofnun sjálfbærninefndar á sínum tíma sem leysti umhverfisnefnd af hólmi. Nemendur jafnt sem starfsfólk eru þátttakendur í þessum verkefnum sem víkka sjóndeildarhring þeirra, bæði gagnvart erlendu skólastarfi og erlendum menningarheimum.

Hlutverk Fjölbrautaskólans við Ármúla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda skólans svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi í samræmi við 2. grein laga um hlutverk framhaldsskóla nr. 92 frá árinu 2008. Megináhersla er á grunnþætti menntunar, þ.e. læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti og sköpun. Meginmarkmið skólans er að flétta grunnþættina inn í alla kennslu og þjóna þannig enn betur fjölbreyttum nemendahópi. Skólinn leitast við að efla ábyrgð, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda sinna, þjálfar þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar. Þannig er tryggt að nemendur séu sem best búnir undir frekara nám eða störf úti í samfélaginu.

Á þessu skólaári urðu breytingar á yfirstjórn skólans er Ólafur Hjörtur Sigurjónsson lauk sínum skólameistaraferli en hann var settur til eins árs haustið 2017 og sóttist ekki eftir framlengingu. Að undangegninni auglýsingu og hefðbundnu ráðningarferli var í hans stað ráðinn Magnús Ingvason sem áður var aðstoðarskólameistari í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Fyrstu önnina starfaði með honum sem aðstoðarskólameistari Súsanna Margrét Gestsdóttir en hún tók við því hlutverki haustið 2017 um leið og Ólafur varð skólameistari. Starf aðstoðarskólameistara var síðan auglýst og ráðið í það um áramótin 2018-19. Súsanna Margrét sótti ekki um starfið en í hennar stað var ráðin Krístrún Birgisdóttir sem áður hafði sinnt störfum fyrir Menntamálaráðuneytið og Menntamálastofnun.

Fjarnám

Fjölbrautaskólinn við Ármúla var með allra fyrstu skólum til að bjóða upp á fjarnám samhliða dagskólakennslu. Það var árið 2002 og strax fyrstu önnina voru kenndir 68 áfangar. Þeim fjölgaði síðan hægt og rólega og fjöldinn hefur verið nokkuð stöðugur síðustu ár; 80 – 90 áfangar kenndir á haust- og vorönn og síðan um það bil helmingi færri á sumrin.

Fjarnemar koma víða að og eru á mismunandi aldri. Í fjarnámshópnum eru nemendur Fá sem og annarra framhaldsskóla sem eru að flýta fyrir sér í námi, taka upp efni sem þeir hafa fallið í eða taka áfanga sem ekki eru kenndir í dagskóla. Þar eru líka útskrifaðir stúdentar sem vilja bæta við sig áföngum til að undirbúa sig undir háskólanám, og grunnskólanemar sem vilja búa í huginn fyrir framhaldsskólagönguna. Stærsti hópurinn eru þó nemendur sem hafa lokið hluta framhaldsskólans og eru að taka staka áfanga með útskrift í huga eða til að bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Loks er skólinn í samstarfi við Fangelsismálastofnun og Námsflokka Reykjavíkur og vinnur með Fjarmentaskólanum að sameiginlegu námsframboði á heilbrigðisbrautum.

Í fjarnáminu er boðið upp á flesta áfanga á stúdentsprófsbrautum og fjölmarga áfanga heilbrigðisskólans. Sumir áfangar eru í boði allar annir meðan aðrir eru til skiptis í boði haust og vor. Á sumarönn er framboðið minna og þá eru yfirleitt aðeins í boði áfangar úr kjarna bóknámsbrauta. Nemendur geta skráð sig í allt frá einum upp í fimm áfanga á önn og fjarnemendur sem hyggja á útskrift frá Fá geta fengið metið nám sitt úr öðrum skólum þegar þeir nálgast útskriftarmarkið. Kennarar í fjarnámi kenna flestir einnig við dagskólann og er kennsluumhverfið Moodle notað til að halda utan um námið

Markmið með fjarnámi í Fá er að gefa þeim kost á námi sem ekki geta stundað nám á hefðbundinn hátt í dagskóla. Fjarnámið gerir nemendum kleift að stunda nám á þeim stað og tíma sem þeim hentar.

Vottun á gæðastjórnunarkerfi fjarnáms

Gæðakröfur og gæðavottun hafa verið ofarlega á baugi hjá framhaldsskólum landsins síðustu ár. Nokkrir skólar hafa farið í gegnum gæðavottunarferli og fengið vottum samkvæmt ISO stöðlum fyrir skóla. Oft hefur komið til umræðu að þetta væri æskilegt í Fá og í haust kom tækifærið þegar vottunarfyrirtækið iCert hafði samband og bauð skólanum að fara með sér í gegnum vottunarferli honum að kostnaðarlausu þar sem þeir væru að fara í úttekt sjálfir og vantaði verkefni

fyrir úttektina. Skemmst er frá að segja að þessu tilboði var tekið og ákveðið að skoða fjarnám skólans út frá gæðastöðlum ISO.

Vinnan hér innanhúss fór þannig fram að myndað var teymi flestra þeirra sem koma að undirbúningi og utanumhaldi fjarnáms. Hópin skipuðu fjarnámstjóri, gæðastjóri, sviðsstjóri, netstjóri, bókari og starfsmenn á skrifstofu. Fundað var reglulega og hópurinn ritaði sérstaka [gæðahandbók](#) þar sem allir vinnuferlar og gátlistar fjarnáms voru skráðir og yfirfarnir. Eftir að handbókin var tilbúin komu aðilar frá vottunarstofunni og gerðu úttekt þar sem þeir ræddu við aðila teymisins, almenna kennara og skólameistara og aðstoðarskólameistara. Þeir lögðust síðan yfir niðurstöðurnar og eftir nokkra bið kom bréf frá vottunarstofunni í lok apríl þar sem sagði að „vottunarnefnd iCert hefur tekið ákvörðun um að veita Fjölbrautaskólanum við Ármúla vottun á að gæðastjórnunarkerfi, innan gildissviðsins „Fjarnám Fjölbrautaskólans við Ármúla“, uppfyllir kröfur sem tilgreindar eru í staðlinum ÍST EN ISO 9001:2015“.

Þetta gefur skólanum leyfi til að nota vottunarkerki iCert fyrir gæðastjórnunarkerfi þegar fjarnám er auglýst en ekki ekki síður gefur það skólanum ástæðu til að vinna að því að halda þessum gæðastöðlum og gera jafnvel enn betur. Þess ber að geta að úttektin náði eingöngu til framkvæmdar og utanumhalds og því rík ástæða til að fara næst og skoða kennsluhliðina, nokkuð sem þegar er hafið og mun halda áfram á næstu önn.

Námskrá skólans

[Námskrá](#)¹ skólans er á rafrænu formi. Hún var endurskoðuð og rituð upp á nýtt þegar ný námskrá fyrir framhaldsskóla frá 2011 tók endanlega gildi árið 2015. Kaflarnir í skólanámskránni eru stuttir og almenns eðlis og þar koma aðeins fram upplýsingar um meginmarkmiðin með skólastarfinu. Í hverjum kafla eru tenglar sem vísa í ítarlegri áætlanir, lýsingar, hlutamarkmið o.fl. sem eiga að vera í sífelldri endurskoðun og þróun. Með slíkri útgáfu er hægt að tengja skólanámskrá og skólastarf á hverjum tíma nánari böndum en unnt er með hefðbundinni útgáfu á prenti. Rafræn birting tryggir auðvelt aðgengi að innihaldinu. Skólanámskráin verður þannig að lifandi skjali og síður hætta á að menn missi sjónar af þeim markmiðum sem þar eru sett.

¹ Skólanámskrá: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/>

Mat á skólastarfinu

Í reglugerð menntamálaráðuneytis frá 24. ágúst 2010 segir að markmið mats og eftirlits með skólastarfi skulu vera að

1. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla,
2. tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum,
3. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
4. auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi.

Innra mati er þannig ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að umbótum og auknum gæðum og vera liður í þróun skólastarfs.

Fram að þessu hefur innra mat verið framkvæmt í nokkrum liðum innan skólaársins og skýrsla byggð á því starfi skrifuð í upphafi nýs skólaárs. Nú var ákveðið að koma þessum málum í nýjan farveg og loka skólaárinu með sjálfsmatsskýrslu fyrir yfirstandandi skólaár. Þetta er ekki síst gert til að auðvelt sé að grípa til aðgerða um leið og nýtt skólaár hefst þar sem það á við.

Nokkrir fastir punktar innra mats eru umrædd sjálfsmatsskýrsla sem er meðal annars byggð á vinnu sjálfsmatsnefndar og kennslumat (sem fram fer á hverri önn). Aðrir punktar eru kannanir sem framkvæmdar eru af og til til dæmis á þjónustu mötuneytis, þjónustu bókasafns, tækjakosti, aðgengismálum og svo framvegis. Tilgangurinn er alltaf að draga fram sterkar og veikar hliðar í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í könnunum. Á grundvelli niðurstaðna þessara kannana verður og hefur verið gripið til aðgerða. Í sjálfsmatsskýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðunum og tillögur til úrbóta kynntar, sem og framkvæmd þeirra tillagna.

Í námskrá skólans er [sjálfsmatsstefna](#)² skólans skilgreind ásamt krækju í [sjálfsmatssíðu](#)³ þar sem má m.a. finna [verkáætlun](#), [sjálfsmatsskýrslur](#) síðustu ára og [niðurstöður ytra mats](#). Gæðastjóri skólans er ábyrgur fyrir innra mati og hefur

² Sjálfsmatsstefna: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/5.-mat-og-uttektir/5.2.-sjalfsmat/>

³ Sjálfsmatssíða: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/skyrslur-stefnur-og-aetlanir/sjalfsmat/>

yfirumsjón með skipulagi þess og framkvæmd. Í verk- og framkvæmdaáætlun eru tilgreindar áætlaðar aðgerðir eins og úttektir, kannanir o.fl. nokkrar annir fram í tímann. Matsteymi var stofnað á vorönn 2017 og sér um skipulag innra mats skólans og framkvæmd þess. Gæðastjórinn vinnur með matsteyminu.

Verk- og framkvæmdaáætlun 2019-2021⁴

Haustönn 2019 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Starfsmannaviðtöl • Skólafundur • Þjónustukönnun • Úttekt á jafnréttisstefnu • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira).	Vorönn 2020 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Skýrslur kennslustjóra og deildarstjóra • Starfsmannaviðtöl • Skýrslur þjónustusviða • Brotthvarfsgreining • Skólaráðstefna í samvinnu við fleiri framhaldsskóla • Stofnun ársins 2020 • Sjálfsmatsskýrsla 2019/2020
Haustönn 2020 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Starfsmannaviðtöl • Skólafundur • Úttekt á umsjónarkerfi • Úttekt á samgöngustefnu • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira).	Vorönn 2021 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Skýrslur þjónustusviða • Starfsmannaviðtöl • Skýrslur kennslustjóra og deildarstjóra • Brotthvarfsgreining • Stofnun ársins 2021 • Sjálfsmatsskýrsla 2020/2021
Haustönn 2021 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Starfsmannaviðtöl • Skólafundur • Úttekt á áætlun gegn einelti/lýðheilsustefnu • Þjónustukönnun • Söfnun gagna (fjöldi nemenda, starfsmanna, skipting á brautir, kyn, aldur og fleira).	Vorönn 2022 • Kennslukönnun (valdir áfangar) • Skýrslur þjónustusviða • Starfsmannaviðtöl • Skýrslur kennslustjóra og deildarstjóra • Brotthvarfsgreining • Stofnun ársins 2022 • Sjálfsmatsskýrsla 2021/2022

⁴ [Verk- og framkvæmdaáætlun](#)

Innra mat

Sjálfsmatsteymi

Sjálfsmatsteymi skólans var, eins og fyrr hefur komið fram, endurvakið á skólaárinu 2017-18 og starfaði áfram á þessu skólaári í óbreyttri mynd. Það er skipað níu manns; tveimur nemendum, þremur kennurum (þar af einum úr heilbrigðisskólanum), fulltrúa stoðdeilda, fulltrúa annarra starfsmanna auk gæðastjóra og sviðsstjóra sem leiða starfið en eru um leið fulltrúar stjórnenda.

Sjálfsmatsteymið sat nokkra matsfundi á skólaárinu. Þar fór hópurinn í gegnum [gátlista](#)⁵ sem gefinn hefur verið út af menntamálaráðuneytinu til notkunar við ytra mat. Þar voru teknir fyrir flestir þættir skólastarfsins og ræddir þar til komist var að sameiginlegri niðurstöðu. Þetta er í annað sinn sem stuðst er við þennan gátlista og er athyglisvert að sjá hvar mat teymisins er eins milli ára og hvar frávik er að finna. Í útfylltum [gátlista](#) eru merktar með grænum lit niðurstöður frá í fyrra ef þær víkja frá matinu í ár (sem er merkt með bláu). Mestar breytingar á mati frá fyrra ári eru í kaflanum um nám og kennslu þar sem teymið var jákvæðara í mati sínu á kennsluháttum, aðstöðu í kennslustundum og nýtingu á kennslutíma. Breytingu í hina áttina mátti sjá í mati á íþróttaaðstöðu, félagsaðstöðu nemenda og tölvukosti þar sem sjálfsmatsteymið mat að þeir þættir væru ekki í alveg eins góðum farvegi og síðast. Í flestum liðum var þó matið mjög samhljóða enda aðeins ein önn frá fyrra mati eins og áður hefur komið fram. Þrátt fyrir að þessi gátlisti ráðuneytis hafi reynst nothæfur við innra mat er áætlað að meðal verkefna sjálfsmatsteymis á næstu önn verði að sérhanna gátlista sem hentar betur, þar sem t.d. verði meira hugað að fjarnámi og öðrum þáttum sem sérstaklega eiga við í þessum skóla.

Ákveðið var að setja ekki ný markmið heldur halda í þau sem sett voru við síðasta mat þar sem einungis nokkrir mánuðir frá því að þau markmið voru sett. Mikilvægustu atriðin að dómi hópsins voru að

- auka stuðning við svokallaða AM nemendur (nemendur með annað móðurmál en íslensku) og
- að gera hinsegin nemendum lífið eins auðvelt og hægt er innan skólans

⁵ [Gátlisti](#): Ytra mat.

- að gripið verði til aðgerða er mættu verða til þess að bæta ímynd skólans, ekki síst meðal grunnskólanemenda og foreldra þeirra.

Önnur atriði sem mikilvæg þóttu voru að kanna líðan og velferð nemenda og að halda áfram að vinna að því að minnka brotthvarf.

Tölulegar upplýsinga

Skipting dagskólanemenda á námsbrautir greint eftir kyni.

Braut	Heiti brautar	Haust 2018		Vor 2019	
		kk	kvk	kk	kvk
AN	Almenn námsbraut	68	50	67	63
FÉ15 (FÉ)	Félagsfræðabraut	93	128	92	121
GH15	Grunnnám heilbrigðisgreina	4	23	3	14
HBR15 (HM)	Heilbrigðisritarabraut	0	6	0	5
HV15 (MB)	Hugvísindabraut (málabraut)	18	23	17	23
ÍHB17	Íþrótt- og heilbrigðisbraut	31	11	34	10
LT15 (LT-)	Lyfjatæknabraut	4	14	3	15
LÆ18 (LÆ)	Læknaritarabraut	0	6	0	2
NÁ15 (NÁ)	Náttúrufræðibraut	69	37	62	36
NL15 (NL)	Nýsköpunar- og listabraut	24	25	26	22
NN15 (NN1)	Heilsunuddbraut	25	39	17	35
NST	Námsbraut fyrir sóttþreinsitækna	0	10	0	0
SJ15 (SJ1)	Sjúkraliðabraut	2	46	1	53
SJ2/SJ4/SJ5	Framhaldsnám sjúkraliða	*	*	*	*
SJB	Sjúkraliðabrá	1	20	1	16
SN	Sérnámsbraut	23	10	24	10
TT15/NAT	Tanntæknabraut	0	22	0	32
VH15 (VH)	Viðskipta- og hagfræðibraut	36	18	28	22
VSS15 (VSS)	Viðbótarnám til stúdentsprófs	3	6	4	2
		401	494	379	481

* ekki í boði þetta skólaár

Skipting dagskólanemenda eftir tegund náms og kyni.

Tegund námsbrautar	Haust 2018		Vor 2019	
	kk	kvk	kk	kvk
Bóknámsbrautir	319	290	303	289
Starfsnám, heilbrigðisbrautir	32	163	22	158
Starfsnám, nýsköpunar- og listabr.	24	25	26	22
Sérnámsbrautir	23	10	24	10
Viðbótarnám til stúdentsprófs	3	6	4	2
	401	494	379	481

Skipting dagskólanemenda eftir kyni.

Kyn	Haust 2018	%	Vor 2019	%
KK	401	44,8%	379	44,1%
KVK	494	55,2%	481	55,9%
	895	100,0%	860	100,0%

Meðalaldur dagskólanemenda (ár).

Meðalaldur bóknám/starfsnám	Haust 2018	Vor 2019
Bóknámsbrautir	21,6	20,3
Heilbrigðisbrautir	31,0	29,8
Skólinn sem heild	23,6	22,3

Skipting nemenda eftir búsetu (póstnúmer).

Póstnúmer	Haustönn 2018		Vorönn 2019	
	Dagskóli	Fjarnám	Dagskóli	Fjarnám
103	3	3	6	3
104	71	43	64	40
105	104	57	101	64
108	92	54	90	52
101, 107, 109-113	326	322	296	305
116-225, 270	237	363	233	307
230-262, 271-280	11	88	14	76
300-381	14	68	17	64
400-470	3	7	6	13
500-580	13	15	8	13
600-690	5	49	4	63
700-785	6	19	5	15
800-900	18	99	17	86
Erlent	1	30	1	32
Alls:	904	1217	862	1133

Nemendatölur á haustönn eru frá 13.9.2018 og tölur á vorönn eru frá 22.1.2019.

Fjöldi dagskólanemenda á haustönn 2018 og vorönn 2019 eftir aldri og kyni.

	<i>Haut 2018</i>			<i>Vor 2019</i>		
<i>Aldur</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
15	13	12	25	2	6	6
16	53	45	98	40	40	80
17	37	33	70	35	35	70
18	51	50	101	39	55	94
19	57	41	96	56	50	106
20	41	53	94	61	51	112
21	40	42	82	42	44	86
22	22	26	48	26	35	61
23	21	30	51	19	21	40
24	14	12	26	11	13	24
25	11	25	36	11	23	34
26 og eldri	40	135	175	39	109	148
Alls:	400	504	902	381	482	861

Nemendatölur á haustönn eru frá 13.9.2018 og á vorönn frá 25.1.2019.

Fjöldi fjarnemenda á haustönn 2018 og vorönn 2019 eftir aldri og kyni.

	<i>Haut 2018</i>			<i>Vor 2019</i>		
<i>Aldur</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>	<i>Karlar</i>	<i>Konur</i>	<i>Alls</i>
<i>Yngri en 16</i>	53	131	184	39	97	136
16	9	15	24	11	27	38
17	10	34	44	11	27	38
18	32	71	103	42	45	87
19	38	54	92	43	32	75
20	36	52	88	28	47	75
21	42	49	91	43	39	82
22	37	34	71	46	43	89
23	33	40	73	30	25	55
24	21	27	48	28	26	54
25	19	26	45	17	22	39
26	12	12	24	23	20	43
27	14	24	38	16	21	37
28	10	15	25	13	12	25
29	5	12	17	11	11	22
30 og eldri	61	189	250	73	164	237
Alls:	432	785	1217	474	658	1132

Nemendatölur á haustönn eru frá 13.9.2018 og á vorönn frá 25.1.2019.

Niðurstöður kennslumats

Kennslumatið fór fram í INNU eins og allar annir frá vorönn 2016. Sviðsstjóri gerði sem fyrr tillögur um hvaða áfanga skyldi meta og sendi listann á deildastjóra og kennslustjóra og bað þá um að bera hann undir viðkomandi kennara. Nokkrar athugasemdir bárust og var tekið tillit til þeirra eftir því sem hægt var. Reynt er að meta alla áfanga aðra eða þriðju hverja önn og að auki eru metnir nýir áfangar, áfangar þar sem skipt hefur verið um kennara og áfangar þar sem námsefni eða námsmati hefur verið breytt. [Niðurstöður kennslumats](#)⁶ eru á heimasíðu skólans og þær er hægt að skoða margar annir aftur í tímann.

[Kennslumatið á haustönn 2018](#) fór fram 3. - 18. október og alls voru metnir 70 mismunandi áfangar eða 112 námshópar. Svarhlutfall var hærra en oft áður eða 52,6% og af þeim sem svöruðu voru 60% konur og tæp 40% karlar. Þetta er nálægt þeirri skiptingu sem er í skólanum en kynjahlutföll á haustönn 2018 voru þannig að 58% skráðra nemenda voru konur.

[Kennslumatið á vorönn 2019](#) fór fram dagana 14. mars – 5. apríl. Svarhlutfall fór nú í 59% sem freistandi er að tengja við endurskoðaðan spurningalista og færri spurningar. Að þessu sinni er ekki hægt að tilgreina kynjaskiptingu þar sem sú spurning var tekin út við endurskoðun listans. Rökin fyrir því eru að í fyrsta lagi eru ekki allir nemendur reiðubúnir að skilgreina sig sem karl eða konu og í öðru lagi hefur borið á því að nemendur vilja síður svara ef þeir eru einir í stórum hóp með fólki af öðru kyni. Þetta á einkum við karlmenn í heilbrigðisskólanum; þeir hafa borið því við að svörin þekkist úr og ekki kært sig um að vera með.

Niðurstöður kennslumatsins hverju sinni eru birtar kennurum í INNU þegar heildarniðurstöður liggja fyrir. Í hópum þar sem 5 eða færri nemendur svöruðu eru niðurstöður ekki birtar. Deildastjórar og kennslustjórar fá einnig að sjá hvernig kennarar á þeirra brautum koma út úr matinu til að geta rætt við þá um hvaða lærdóma megi draga af niðurstöðum. Síðast en ekki síst er kennslumat hugsað sem innlegg í starfsmannasamtöl sem skólameistari á skv. lögum að eiga við undirmenn sína með reglulegu millibili.

Í kennslumati skiptast spurningar í þrjá flokka; einn snýr að áfanganum, annar að kennslunni og kennaranum og í þeim þriðja leggur nemandinn mat á eigin frammistöðu í áfanganum. Enginn marktækur munur er á meðaltölum í

⁶ Kennslumatssíða: <http://www.fa.is/skolinn/utgefing-efni/skyrslur-stefnur-og-aaetlanir/sjalfsmat/kennslumat-dagskolans/>

einstökum flokkum milli anna samanber eftirfarandi töflu sem sýnir meðaltal í hverjum flokki þrjár síðustu annir.


	Vor 2018	Haust 2018	Vor 2019
Leggðu mat á áfangann	3,5	3,5	3,4
Leggðu mat á kennsluna í áfanganum	3,6	3,6	3,5
Leggðu mat á námið þitt í áfanganum	3,3	3,4	3,4

Þennan samanburð ber þó að skoða í því ljósi að spurningar eru færri í hverjum flokki á vorönn 2019 en hinar annirnar.

Dæmi um spurningar í fyrsta flokki allar annir eru „Áfanginn er vel skipulagður“ og „Ég er ánægð/ur með námsgögn áfangans“. Í öðrum flokki er spurningin „Ég er ánægður með viðmót kennarans gagnvart mér“ án efa sú mikilvægasta en þar er líka spurt um ánægju með útskýringar kennara og leiðbeinandi endurgjöf fyrir verkefni. Í flokknum sem snýr að nemanda eru spurt hvort nemandi telji sig stunda námið af samviskusemi og hvort hann haldi að námið í áfanganum muni gagnast sér í framtíðinni.

Einkunnir eru reiknaðar þannig að valkostir við spurningum fá tölu á bilinu 1 (mjög ósammála) upp í 4 (mjög sammála) og síðan er reiknað meðaltal. Þannig fæst einkunn 4 ef allir eru sammála fullyrðingu og 1 ef allir eru ósammála henni.

Loks gáfu nemendur kennurum sínum einkunn á bilinu frá 1 og upp í 10. Meðaleinkunn allra kennara var 8,44 á vorönn 2019 sem er í takt við einkunnir á liðnum önnum sem voru 8,43 (vor 2018) og 8,40 (haust 2018).



Til viðbótar við spurningalistana gafst nemendum tækifæri á að koma sinni skoðun á framfæri í tveimur opnum spurningum. Svör nemenda við þeim spurningum voru send kennurum viðkomandi áfanga um leið og aðrar niðurstöður.

Brotthvarf

Hátt hlutfall nemenda hættir námi eða skiptir um skóla og fylgir því breyting á nemendahópi á hverri önn. Markmið skólans er að minnka brotthvarf nemenda og til þess þarf að komast að því hvaða skýringar liggja að baki. Hringt er í nemendur sem hætta námi og þeir spurði hvers vegna þeir kusu að hætta og svör þeirra skráð. Niðurstöður eru síðan notaðar til að greina ástæður brotthvarfs. Náms- og starfsráðgjafar hafa séð um að afla þessara gagna. Hér er eingöngu verið að vinna með þá nemendur sem segja sig úr skóla; það er láta vita að þeir séu hættir. Margir nemendur hverfa hinsvegar frá námi af óútskýrðum ástæðum og er oft ekki ljóst fyrr en í lok annar að þeir séu horfnir fyrir fullt og allt. Nýju

umsjónarkerfi við skólann er m.a. ætlað að halda betur utan um þessa nemendur og koma í veg fyrir slíkt brottfall.

Alls sögðu 55 nemendur sig úr skólanum á haustönn 2018 (6,1%) og 36 á vorönn 2019 (4,2%). Ef rétt er þá er þetta mikil fækkun því sambærilegar prósentutölur skólaárið á undan voru 9,1% á haustönn og 8,1% á vorönn. Sennilegri skýring er þó að ekki voru taldir með að þessu sinni þeir sem hættu innan tveggja vikna enda litið svo á að þeir hafi í raun ekki þegið skólavist, fremur en að þeir hafi hætt námi.

Náms- og starfsráðgjafar hafa margar undanfarnar annir hringt í nemendur sem hætta námi og spurt þá um ástæður að baki ákvörðuninni. Að þessu sinni datt það niður á haustönn þar sem þetta hefur verið gert samkvæmt beiðni ráðuneytis sem ekki biður lengur um þessi gögn. Á vorönn ákváðu nýjir stjórnendur hinsvegar að taka þetta upp að nýju og því var hringt í þá 36 sem þá hættu námi. Þeir gáfu sem fyrr upp mismunandi ástæður en þó voru andleg veikindi lang algengasta skýringin því 9 af 36 (25%) gáfu það upp sem ástæðu þess að þeir hættu. Áhugleysi eða það að sjá ekki tilgang með náminu var skýring hjá 4 nemendum (11%) og síðan fóru nemendur að vinna, fóru í meðferð eða eignuðust börn og hættu námi. Þess ber að þó geta að ekki náðist í 14 af þessum 36 (39%) þannig að þessar tölur þarf að skoða í því ljósi

AM - nemendur

Á haustönn 2017 voru 107 nemendur skráðir með 28 mismunandi móðurmál önnur en íslensku. Á vorönn 2018 voru þessir nemendur 94 með alls 30 mismunandi móðurmál. Athugið að þetta eru eldri tölur, en tölur fyrir yfirstandandi skólaár verða birtar um leið og þær liggja fyrir.

Áður voru þessir nemendur kallaðir nýbúar til aðgreiningar frá öðrum nemendum en á þessu skólaári var ákveðið að tala frekar um AM-nemendur þar sem AM er skammstöfun fyrir Annað Móðurmál. Kennslustjóri þessara nemenda, Kristen Mary Swenson hefur yfirumsjón með þessum hóp og leitast við að hafa sem best og mest samband við þá og fjölskyldur þeirra. Hún skilar yfirvöldum ársskýrslu í lok skólaársins og er sú skýrsla um leið úttekt á starfinu.

Liður í því að efla þjónustu við nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli er að skrá þá í talmálsáfanga ÍSTA1AG05 og ÍSTA1AF05. Þar fá þeir æfingu í að tala og einnig fræðslu og skemmtun um ýmislegt sem íslenskt er og gæti hafa farið framhjá þeim, jafnvel þó þeir hafi búið hér lengi.

Náms- og starfsráðgjöf

Þrír náms- og starfsráðgjafar starfa við skólann í tveimur og hálfu stöðugildi og skipta þeir verkefnum á milli sín. Helstu verkefni námsráðgjafa eru að:

- veita nemendum fræðslu og ráðgjöf við val á námi eða starfi,
- veita nemendum ráðgjöf í námi, t.d. varðandi tímaskipulag, námstækni, prófkvíða o.fl.,
- veita nemendum persónulega ráðgjöf og stuðning í einkamálum svo þeir eigi auðveldara með að stunda námið og vísa þeim til annarra sérfræðinga ef þörf er á,
- skipuleggja heildstæða áætlun í náms- og starfsfræðslu í skólanum.

Náms- og starfsráðgjafarnir eru með opna tíma daglega en nemendur geta líka pantað tíma eða jafnvel haft samband á sérstökum símatíma. Nýtt á þessu skólaári er að nemendum gefst kostur á að skrá tíma hjá ráðgjafa í gegnum INNU. Það hefur þann kost að tíminn birtist í stundatöflu nemenda auk þess sem INNA sendir nemendum áminningu þegar að viðtalinu kemur.

Auk einkaviðtala eru námsráðgjafar með námskeið og hópráðgjöf og þeir sinna jöfnum höndum nemendum dagskólans og fjarnámsnemendum.

„Áfram verkefnið“ var enn á dagskrá skólans í vetur sjötta árið í röð. Það verkefni er samstarfsverkefni skólans, Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og grunnskólanna í því hverfi. Markmið verkefnisins er að styðja við nemendur sem grunnskólarnir telja að muni eiga erfitt með fyrstu skrefin í framhaldsskólanámi af ýmsum ástæðum; námslegum og félagslegum. Eiríkur Brynjólfsson kennslustjóri almennrar námsbrautar er sem fyrr ábyrgur fyrir verkefninu og með honum vinna náið starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar en auk þess koma námsráðgjafar einnig að þessari vinnu. Mikil áhersla er lögð á vinnu með heimilum nemenda og eru reglulegir fundir með foreldrum meðan nemandinn tekur þátt í verkefninu en miðað er við að nemendur séu þátttakendur í verkefninu í eitt ár. Skólaárið 2018-19 voru tíu nemendur í þessu verkefni en tveir þeirra hættu námi áður en skólaárinu lauk. Nú þegar eru skráðir átta nýnemar í verkefni næsta árs.

Félagslíf nemenda

Félagslífið eða skortur á félagslífi er oft nefnt þegar spurt er af hverju skólinn hafi ekki aðdráttarafl fyrir yngri nemendur. Á þessu skólaári var því ákveðið að setja kraft í að efla félagslífið. Markmiðið var fjölga í undirdeildum í nemendafélaginu og auka virkni þar fremur en að halda dansleiki og stóra viðburði. Stofnaðar voru tvær undirdeildir nemendaráðs, eitt ráð fyrir nýnema og annað fyrir AM-nemendur. Sömuleiðis var stofnað „Nördafélag“ þeirra sem hafa áhuga á að hittast og spila borðspil, Feministafélag skólans var endurvakið og stutt var við stofnun Hinseginfélags FÁ. Ýmsir viðburðir fylgdu þessum félögum og stefnt er að því að halda áfram að styðja við slíka starfsemi næstu annir. Eygló Árnadóttir var í hálfu starfi sem umsjónamaður með félagslífi nemenda og forvarnafulltrúi.

Umhverfismál

Skólinn fékk árið 2006 fyrstur framhaldsskóla á Íslandi [Grænfána Landverndar](#) sem viðurkenningu fyrir störf sín að umhverfismálum. Grænfáninn er veittur til tveggja ára í senn og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólinn heldur áfram góðu starfi. Á nýloknu skólaári fékk skólinn þennan eftirsóttta fána afhentan í sjöunda skiptið og hefur tekist að halda honum óslitið frá byrjun. Á [umhverfissíðu](#) skólans er umhverfisstefnan og [grænfánaumsóknin](#) að þessu sinni. Þetta skólaár var umhverfismálum skólans stýrt af kennurunum Jóhönnu Sturlaugsdóttur og Tinnu Eiríksdóttur sem héldu utan um vaskan hóp áhugasamra nemenda.

Frá árinu 2013 hafa nemendur skólans tekið árlega þátt í sjálfboðavinnu Grænu helgarinnar í samvinnu við Umhverfisstofnun. Að þessu sinni fóru nemendur í fjallgönguáfangi (ÍÞRÓ1FJ02) í dagsferð í Krýsuvík í byrjun september og unnu að því að lagfæra göngustíga og girðingar kringum hverasvæðið.

Þann 16. september er dagur íslenskrar náttúru og hann sem fyrr haldinn hátíðlegur innan skólans. Að þessu sinni kom Eyþór Eðvarðsson fulltrúi samtakanna París 1,5 og sagði frá aðgerðum sem miða að því að draga úr hlýnun jarðar. Fyrirlesturinn var reyndar ekki fyrr en 17. september en var bæði fróðlegur og fjölsóttur.

Heilsueflandi framhaldsskóli



Árið 2011 gerðist skólinn þátttakandi í verkefninu [Heilsueflandi framhaldsskóli](#)⁷. Hann hefur sett sér lýðheilsustefnu og tekið þátt í ýmsum verkefnum sem stuðla að bættri heilsu. Má þar nefna [Lífshlaupið](#), [Hjólað í vinnuna](#) og [Hjólum í skólann](#). Skólinn hefur oft verið í einu af efstu sætunum í Lífshlaupinu í flokki framhaldsskóla með 400-999 nemendur og á vorönn 2018 í sæti númer eitt. Umsjón með verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli hefur Krístrún Sigurðardóttir, kennslustjóri í Heilbrigðisskólanum.

Til að stuðla að hollri næringu hefur skólinn margar síðustu annir boðið bæði nemendum og kennurum ókeypis hafragraut í morgunverð. Nýtur þetta mikilla vinsælda hjá nemendum og eru margir sem þarna fá holla byrjun á skóladeginum. Krúska, sem sér um mótuneyti skólans, sýður grautinn og er hann sem fyrr segir nemendum að kostnaðarlausu.

Námskrá

Námskrá skólans er í stöðugri endurskoðun. Nýr [almennur hluti](#)⁸ tók gildi 2. nóvember 2012 og er aðgengilegur á heimasíðu skólans undir Nám – Námskrá.

Skólanámskrá Fjölbautaskólans við Ármúla er í tveimur hlutum. Í almennum hluta hennar eru upplýsingar um skipulag skólans, starfsemi hans og stefnu í víðum skilningi. Í öðrum hluta eru hins vegar námsbrautalýsingar. Þessi efnisafmörkun námskrárinnar er í fullu samræmi við ákvæði 22. greinar laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 þar sem vikið er að skyldu hvers framhaldsskóla til að gefa út skólanámskrá.

Á vormisseri 2015 voru kynntar nýjar þriggja ára stúdentsbrautir ásamt endurskoðuðum námsbrautum heilbrigðisskólans. Allar þær námsbrautir hafa hlotið staðfestingu Mennta- og menningarmálaráðuneytis (MMR) nema Námsbraut fyrir sóttþreinsitækna sem enn er í ferli. Sömuleiðis hefur ráðuneytið samþykkt Nýsköpunar- og listabraut sem er námsbraut með námslok á 2. þrepi og nýjasta brautin er Íþrótt- og heilbrigðisbraut sem var smíðuð 2017 og fékkst staðfest sama ár.

⁷ Embætti landlæknis – Heilsueflandi framhaldsskóli: http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12345/Heilsueflandi_framhaldsskoli

⁸ Almennur hluti skólanámskrár FÁ: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra>

Vinnu við námsbrautir lýkur þó seint því að sjálfsögðu taka námsbrautir breytingum eins og önnur mannanna verk, einstakir áfangar breytast eða detta út og aðrir koma inn. Einnig leggur skólinn áfram ríka áherslu á þróun nýrra námsbrauta í samvinnu við faggreinafélög og þarfir atvinnulífsins. Umsjón með endurskoðun og þróun skólanámskrár er í höndum sviðsstjóra bóknáms og áfangastjóra en einnig koma að verkinu kennslustjórar heilbrigðisskólans og deildastjórar.

Stefnur og skýrslur

Hér á eftir fer yfirlit yfir þær stefnur og áætlanir sem eru í gildi í skólanum. Þessar stefnur/áætlanir eru í stöðugri endurskoðun og leitast er við að uppfæra þær á heimasíðu jafnóðum og breytingar eru gerðar.

Áætlun gegn einelti

Í stórum stofnunum geta af og til komið upp mál sem tengjast einelti. Skólinn hefur því tilbúna áætlun um það hvernig bregðast skuli við slíkum málum og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans: [Eineltisáætlun](#)⁹. Sömuleiðis er á heimasíðunni tengill þar sem hver sem er getur tilkynnt einelti eða sent ábendingar um það með einföldum hætti: [Tilkynna einelti](#)¹⁰. Á liðnu skólaári voru engin skráð eineltistilfelli en árið áður voru þau tvö.

Fjölmenningarstefna

Skólinn hefur sett sér [fjölmenningarstefnu](#)¹¹ og [fjölmenningaráætlun](#)¹². Stefna skólans er að móta jákvæð viðhorf til fjölmenningar, jafnt meðal kennara sem nemenda, svo að sérhver nemandi fá notið sín á sínum forsendum.

Samgöngustefna

Skólinn hefur sett sér [umhverfis- og samgöngustefnu](#)¹³. Umhverfisnefnd hefur verið starfrækt í skólanum frá vordögum 2005 ásamt sérstöku umhverfisráði

⁹ <https://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.9.-eineltisstefna/3.9.1.-eineltisaetlun/>

¹⁰ <https://www.fa.is/thjonusta/sendabendingu--tilkynna-einelti/>

¹¹ Fjölmenningarstefna: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.12.-fjolmenningarstefna/>

¹² Fjölmenningaráætlun: <http://www.fa.is/thjonusta/nemendathjonusta/stodkerfi-fyrir-erlenda-nemendur/deilimarkmid/>

¹³ Umhverfis- og samgöngustefna: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.11.-umhverfis-og-samgongustefna/>

nemenda sem starfar af krafti allar annir. Skólinn hlaut Grænfánann í sjöunda skipti á þessu skólaári eins og áður segir og þar kom umhverfisráð mjög við sögu. Frá haustönn 2015 hefur starfsmönnum verið boðið að gera samgöngusamning við skólann og sækja um samgöngustyrk að upphæð 30.000 kr. og var hann á þessu skólaári var veittur 25 starfsmönnum. Skólinn leitast ekki síður við að hvetja nemendur til að nota vistvæna samgönguhætti m.a. með því að veita þeim einingar fyrir að hjóla eða ganga í skólann, auk þess að selja aðgang að bílastæðum skólans. Á vorönn 2018 var síðan komið fyrir hleðslustöðvum fyrir rafbíla á bílastæðum skólans og nú geta fjórir bílar verið þar í hleðslu á hverjum tíma. Allmargir starfsmenn og nemendur eru komnir á rafmagns- eða blendingsbíla og fer þeim fjölgandi með hverri önn.

Jafnréttisstefna

Skólinn hefur sett sér [jafnréttisstefnu](#)¹⁴. Jafnréttisáætlun var endurskoðuð í júní 2016 og jafnréttisnefnd var skipuð í byrjun haustannar sama ár. Samkvæmt 18. grein jafnréttislaga skal áætlunin endurskoðuð á þriggja ára fresti og því þarf að ráðast í það starf þegar á haustönn. Jafnréttisfulltrúi skólans þetta skólaár var Róbert Örvar Ferdinandsson en hann lætur nú af störfum og við tekur Eygló Árnadóttir. Jafnréttisfulltrúi skal ásamt jafnréttisnefnd hafa umsjón með endurskoðun og framkvæmd jafnréttisáætlunarinnar, meta stöðu aðgerða og kynna árlega á starfsmannafundi.

Lýðheilsustefna

Skólinn hefur sett sér [lýðheilsustefnu](#)¹⁵ og tekur þátt í verkefninu Heilsuefandi framhaldsskóli eins og áður segir. Markmiðið er að hafa áhrif á viðhorf og tilfinningu nemenda fyrir heilbrigðu lífi.

Gæðastefna

Skólinn hefur sett sér [gæðastefnu](#)¹⁶. Vottað gæðamat verður tekið upp í áföngum og hefur gæðastjóri umsjón með því. Fyrsta skrefið á þeirri vegferð var stigið á skólaárinu þegar skólinn fékk fjarnám sitt vottað af vottunarfyrirtækinu iCert eins og áður hefur komið fram í kaflanum um fjarnám.

Sjálfbærnistefna

Skólinn hefur sett sér [sjálfbærnistefnu](#)¹⁷ og innan hans starfar sjálfbærninefnd

¹⁴ Jafnréttisstefna: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.10.-jafnrettisstefna/>

¹⁵ Lýðheilsustefna: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.8.-lydheilsustefna/>

¹⁶ Gæðastefna: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/5.-mat-og-uttektir/>

¹⁷ Sjálfbærnistefna: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.13.-sjalfbaernistefna/>

sem hefur það verkefni að fylgja sjálfbærnistefnu skólans eftir í öllum þáttum skólastarfs. Nefndin gerir aðgerðaáætlun til eins árs og er hún aðgengileg á [sjálfbærnisíðu](#) skólans.

Sjálfsmatsstefna

Skólinn hefur sett sér [sjálfsmatsstefnu](#)¹⁸ og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Á [sjálfsmatssíðu](#) má finna [verkáætlun](#), [sjálfsmatsskýrslur](#) síðustu ára og [niðurstöður ytra mats](#).

Þjónustustefna

Skólinn hefur sett sér [þjónustustefnu](#)¹⁹ sem samþykkt var á haustönn 2013 og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Ekki hefur verið gerð þjónustukönnun síðan á haustönn 2014 þegar kannað var viðhorf nemenda til stjórnenda, skrifstofu, bókasafns og námsráðgjafa en fyrirhuguð er slík könnun á næstu haustönn. Niðurstöður þjónustumats eru aðgengilegar á heimasíðu skólans undir Sjálfsmat – [þjónustumat](#).

Skýrslur kennslustjóra og deildastjóra

Kennslustjórar heilbrigðisskólans, sem og kennslustjóri AM-nemenda, kennslustjóri almennrar námsbrautar og kennslustjóri dyslexíunemenda skila skýrslum í lok hvers skólaárs um starfsemi viðkomandi brauta. Sviðsstjóri bóknáms skilar einnig skýrslu um bóknámsbrautir. Þessar skýrslur liggja fyrir hjá skólameistara. Stjórnendur og kennslustjórar /sviðsstjóri fara saman yfir skýrslurnar og ræða það sem vel er gert og hvað þarfnast úrbóta. Deildastjórar skila einnig skýrslum eða yfirliti í lok hvers skólaárs og liggja þær niðurstöður einnig fyrir hjá skólameistara.

Aðstoð við heimanám stendur nemendum til boða í Setrinu. Þar eru það einkum eldri nemendur sem aðstoða þá sem eru komnir styttra á námsferlinum. Upplýsingar um opnunartíma og veitta aðstoð eru á [heimasíðu skólans](#)²⁰.

Stoðkerfi fyrir nemendur með námserfiðleika er ætlað að styðja við nemendur með lestrar- og skriftarörðuleika, stærðfræðiröskun eða skipulags-, áttunar- og tímaskynserfiðleika. Upplýsingar er að finna á [stoðsíðunni](#)²¹.

Bókasafnið er vel staðsett miðsvæðis í húsnæði skólans og er vel búið bókum, tímaritum, myndefni og öðrum safnkosti sem tengist skólastarfi. Þar er gott næði til vinnu og náms fyrir um 50 manns. Við safnið starfa tveir bókasafnsfræðingar í

¹⁸ Sjálfsmatsstefna: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/5.-mat-og-uttektir/5.2.-sjalfsmat/>

¹⁹ Þjónustustefna: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/namskra/3.-starfsemi/3.14.-thjonustustefna/>

²⁰ Setrið - aðstoð við heimanám: <http://www.fa.is/thjonusta/nemendathjonusta/adstod-vid-heimanam/>

²¹ Stoðkerfissíða: <http://www.fa.is/thjonusta/nemendathjonusta/stodkerfi-fyrir-nemendur-med-namserfidleika/>

einu og hálfu stöðugildi. Meiri upplýsingar er að finna í [ársskýrslu bókasafns](#)²². Hugmyndir eru uppi um að tengja heimanámsaðstoð þá sem nú er veitt í Setrinu við starfsemi bókasafnis á næsta skólaári.

Erlent samstarf

Skólinn hefur á liðnum árum verið í viðamiklum samskiptum við skóla víða í Evrópu. Þar er veigamest starfsemi á vegum Erasmus+ sem skiptist KA2 (Strategic Partnerships) og KA1 (Vocational Education and Training/Learning Mobility of Individuals). Hér á eftir fer yfirlit yfir þau verkefni sem voru í gangi þetta skólaár.

„Sustainable Europe 2030“. Verkefnið hófst á haustönn 2017 og lauk nú á vorönn 2019. Þátttakendur voru frá fimm löndum, Frakklandi, Portúgal, Tékklandi og Þýskalandi auk Íslands. Á yfirstandandi skólaári voru þrjár vinnuferðir tengdar þessu verkefni:

- Dagana 7. – 13. nóvember 2018 fóru tveir kennarar og þrír nemendur til Tékklands.
- 20. – 26. mars 2019 fóru tveir kennarar og fimm nemendur til Þýskalands
- Loks fóru tveir kennarar til Prag 12. – 19. júní og þar var lokapunkturinn settur.

Umsjón með þessu verkefni hafði Edda Lára Kaaber.

„Yes Europe II (2018 – 2020)“ er nýtt verkefni sem hófst síðastliðið haust. Þáttökulönd eru auk Íslands, Þýskaland, Grikkland, Ítalía og Slóvenía.

- Þáttakendur hittust í Reykjavík dagana 18. – 24. nóvember 2018.
- 1. – 6. apríl 2019 fóru tveir kennarar og fimm nemendur til Ítalíu.

Umsjón með þessu verkefni hafa þau Kristen Mary Swenson og Helmut Hinrichsen.

„The Entrepreneurs of the Future“ er annað nýtt verkefni sem hófst á haustönn 2018 og á að ljúka vorönn 2020. Þar taka þátt fimm lönd fyrir utan Ísland en þau eru Finnland, Þýskaland, Pólland, Portúgal og Svíþjóð.

- Fyrsti fundur var haldinn í Þýskalandi dagana 29. okt. – 2. nóv. 2018 og þangað fór umsjónarmaður verkefnisins Petra Bragadóttir.
- Tveir kennarar fóru síðan til Svíþjóðar dagana 28. jan. – 1. febrúar 2019

²² Bókasafnssíða: <http://www.fa.is/thjonusta/bokasafn/>

- Aftur fóru tveir kennarar á fund að þessu sinni til Portúgal dagana 4. – 8. mars 2019.
- Loks fóru tveir kennarar til Póllands 4. – 6. júní 2019.

Þessi verkefni falla öll undir flokkinn KA2.

Síðan fékk skólinn Erasmus+KA1 styrki til starfsmenntunar fyrir nemendur á heilbrigðisbrautum og náms og þjálfunar starfsmanna:

- Þrír nemendur á sjúkraliðabraut fóru í 30 daga starfsþjálfun til Danmerkur og voru í burtu dagana 30. mars – 2. maí 2019.
- Tveir kennarar heilbrigðisskólans heimsóttu skóla og heilbrigðisstofnanir í Svíþjóð dagana 9. – 16. maí 2019.

Krístún Sigurðardóttir kennslustjóri hefur umsjón með styrknum fyrir hönd heilbrigðisbrauta.

Loks fengust Erasmus+ styrkir fyrir eftirfarandi verkefni sem einnig eru undir KA1:

- „Job Shadowing“. Tveir starfsmenn fóru til Spánnar dagana 22. okt. – 3. nóv. 2018.
- „Europass Teacher Academy in Athens“. Þrír kennarar fóru til Grikklands dagana 10. – 16. mars 2019.
- „Euroclio“. Þrír kennarar sóttu þá áðstefnu í Póllandi 2. – 7. apríl 2019.

Skólinn tók þátt í þremur Nordplus verkefnum á skólaárinu en þau eru:

„Distance Learning“ í samstarfi við Riga Commercial School í Lettlandi.

Lokahnykkur á því verkefni var þegar starfsfólk frá Riga heimsótti FÁ þann 25. september.

„Nordisk ledelse af voksenuddannelsesinstitutioner“ sem er nýtt samstarfsverkefni í fullorðinsfræðslu með Folkuniversity Oesthimmerland. Styrkumsókn fyrir þetta verkefni var hafnað á síðasta skólaári en hefur nú verið samþykkt.

- Einn starfsmaður sótti undirbúningsfund í Danmörku 12. – 13. desember 2018.

Umsjónarmaður með þessu verkefni er Steinunn Hafstað fjarnámstjóri.

„New Tendencies in Economy and Entrepreneurship“. Verkefni í samstarfi við skóla í Svíþjóð, Eistlandi og Lettlandi.

- Tveir kennarar og fimm nemendur fóru til Svíþjóðar 5. – 9. nóvember 2018.

- Aftur fóru tveir kennarar og fimm nemendur úr landi. Að þessu sinni til Lettlands dagana 8. – 12. apríl 2019.

Umsjónarmaður þessa verkefnis er Petra Bragadóttir.

Að lokum má geta þess að skólinn tók sem fyrr á móti fjölmörgum gestum á skólaárinu. Á haustönn 2018 komu tveir sænskir kennarar þann 13. nóvember og eftir að þeir höfðu skoðað skólann var þeim boðið í rafmagnshjólaferð um borgina. Vikuna 19. – 23. nóvember dvöldu síðan nítján nemendur og ellefu kennarar hjá okkur og fylgdust með skólastarfi og fóru í vettvangsferðir. Þessir gestir voru frá Slóveníu, Ítalíu, Þýskalandi og Grikklandi og þessi heimsókn var í tengslum við verkefnið „Yes Europe II“

Á vorönn hófust heimsóknir þann 5. mars en þá komu átján skólastjórnendur og ráðuneytisfólk frá Eistlandi. Daginn eftir, 6. mars voru aftur gestir og í það skiptið tveir kennarar og tólf nemendur frá Hamborg. Frá Hollandi komu tíu skólastjórnendur þann 21. mars að kynna sér starfsbrautina og kennslu AM-nemenda og í vikunni á eftir komu tveir kennarar með nemendahóp frá Danmörku þann 25. mars og fimm kennarar frá Bandaríkjunum komu með annan hóp þann 28. mars.

Vikuna 8.- 12. apríl var sjö manna hópur skólastjórnenda og kennara úr frönskum framhaldsskóla viðloðandi skólastarf hjá okkur og þann 8. apríl fengum við auk þess í heimsókn tuttugu skólastjórnendur og ráðuneytisfólk frá Slóveníu.

Loks kom til okkar einn kennari frá Spáni og var fyrstu dagana í maí í svokölluðu „Job Shadowing“ verkefni.

Af þessu má ráða að utanumhald um erlend verkefni er mikil vinna. Helmut Hinrichsen gæðastjóri hefur gegnt því starfi undanfarin ár en lætur nú af störfum við skólann. Við keflinu tekur Edda Lára Kaaber enskukennari og mun sinna því í 25% hlutastarfi.

Ytra mat

Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur eftirlit með því að framhaldsskólar uppfylli þær skyldur sem lög og reglugerðir og aðalnámskrá framhaldsskóla

kveða á um. Slík úttekt var gerð á skólanum skólaárið 2010 – 2011 og síðan aftur á vorönn 2017. [Niðurstöður síðustu úttektar](#)²³ (2017) eru í heild sinni á heimasíðu skólans.

Í framhaldi af þessari úttekt var ákveðið að vinna áfram með sjálfsmatsteymi að því að meta ytri og innri þætti; bæði sem gögn fyrir árlega sjálfsmatsskýrslu og einnig til að vera viðbúin þegar næst kemur til ytra mats sem verður að öllum líkindum innan fimm ára.

Stofnun ársins 2019

Á vorönn 2019 tók skólinn í tíunda sinn þátt í starfsánægjukönnun á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins í samvinnu við SFR og VR en að auki eru Starfsmannafélag Reykjavíkur og Sameyki þátttakendur í könnuninni. Könnunin tekur því til allra starfsmanna ríkisstofnana, óháð stéttarfélagsaðild. Könnunin er framkvæmd af Gallup á Íslandi sem sér um gagnasöfnun og úrvinnslu.

Framkvæmd könnunarinnar var með sambærilegu sniði og síðastliðin ár. Í úrtakinu voru um 26.454 manns hjá rúmlega 200 stofnunum og var svarhlutfallið í heild 48%. Þátttakan í Fjölbrautaskólanum við Ármúla hefur hinsvegar aldrei verið meiri, var að þessu sinni 81% meðan svarhlutfall var 67% í síðustu könnun.


Kannaðir voru sem fyrr níu þættir: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti.

Skólinn náði að þessu sinni þeim frábæra árangri að verða í þriðja sæti í flokki stofnana með 50 starfsmenn og fleiri. Þetta gefur skólanum rétt til að kallast Fyrirmyndarstofnun 2019 og nota þetta merki því til sönnunar í kynningarefni og bréfum skólans:




²³ Niðurstöður úttektar á starfsemi skólans: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/skyrslur-stefnur-og-aetlanir/sjalfsmat/ytra-mat/>

Hér fyrir neðan má sjá mynd sem sýnir hvernig skólinn skorar á öllum níu þáttum könnunarinnar og í sviga eru niðurstöður skólans frá því í síðustu könnun. Einkunnaskali er frá 1 upp í 5 þar sem gildið 5 gefur til kynna mestu ánægju eða jákvæðustu afstöðu með viðkomandi þátt í starfsumhverfi stofnunar en gildið 1 gefur til kynna mestu óánægju eða neikvæðustu afstöðuna.





Það er skemmst frá að segja að skólinn hækkar í sjö af níu liðum, stendur í stað í einum lið en lækkar óverulega þar sem mæld er ánægja með vinnuskilyrði en þar er lækkun upp á 0,06. Sömu liðir og áður fá lægsta meðaleinkunn en það eru liðirnir sem mæla ánægju með launakjör og sveigjanleika vinnu.

Næsta mynd sýnir síðan hvernig skólinn kemur út í samanburði við aðra. Hér er hann borinn saman við aðra framhaldsskóla og háskóla annarsvegar og allar stofnanir hinsvegar:



Hér skorar skólinn hæst á öllum þáttum nema sveigjanleika vinnu. Þar er spurt hvort fólk geti farið í sumarfrí þegar því hentar og svara kennarar því eðlilega neitandi þar sem sumarfrí ræðst af starfstíma skóla. Hinsvegar er sveigjanleiki skólafólk nokkuð ríflgur á öðrum tímum árs t.d. í kringum stórhátíðar þar sem skólar taka góð frí, sem og í daglegu starfi þar sem kennarar geta oft nýtt eyður í stundaskrá til að sinna einkaerindum og unnið það síðan upp í sínum frítíma.

Loks eru hér myndir sem sýna fimm hæstu og lægstu einkunnir skólans:



Að þessu sinni eru tölurnar í svigunum frávik frá meðaltali allra stofnana í sama stærðarflokki. Fimm hæstu einkunnir stofnunarinnar bera vott um starfsánægju og þann góða starfsanda sem ríkir í FÁ. Hinsvegar er það sem fyrr sveigjanleiki vinnu sem sker sig úr og svo er skorar skólinn heldur lágt þegar spurt er um ánægju með launakjör. Það er athyglisvert hver ánægja með launakjör er lítil því

yfirvinna hefur verið nokkuð mikil innan skólans og heildarlaun því nokkuð há samanborið við starfsfólk annarsstaðar hjá ríkinu þar sem yfirvinna er ekki í boði.

Ítarleg greining²⁴ á svörum fyrir Fjölbrautaskólann við Ármúla er á heimasíðu skólans og allar niðurstöður starfsánægjumats²⁵ frá og með árinu 2011 er líka að finna þar.

Markmið og úrbætur

Eldri markmið og úrbætur sem gerðar voru á skólaárinu 2018/2019

Hér á eftir fara markmið úr síðustu sjálfsmatsskýrslu 2017/2018 og tilgreint hvernig tekist hefur að ná þessum markmiðum.

Líðan nemenda og starfsmanna

1. Stefnt skal að því að stofna fleiri nemendaráð til að efla félagslífið. *Á vorönn 2019 tóku til starfa tvær nýjar undirdeildir nemendaráðs; önnur skipuð nýnemum og hin AM nemendum. Þessi nemendaráð stóðu fyrir nokkrum viðburðum á önninni og komu meðal annars að skipulagi Alþjóðaviku FÁ sem haldin var vikuna 8. - 11. apríl. og stefna að því að standa að fleirum í haust. Nördafélag var stofnað í skólanum og Feministafélagið endurvakið og stóð fyrir vel heppnuðu forvarnarverkefni undir nafninu „Sjúk ást“ á vorönn.*
2. Bæta skal aðstöðu fyrir tónlistarfólk í hópi nemenda með því að innrétta tónlistarherbergi. *Þetta var framkvæmt í lok haustannar. Nemendafélagið fékk til umráða herbergi á fyrstu hæð í miðálmu, keypti hljóðfæri og almennir nemendur (og starfsmenn) geta nú fengið lánaðan lykil og stytt sér stundir við söng og hljóðfæraslátt.*
3. Stefnt skal að því að bæta líðan hinsegin nemenda og starfsfólks. *Í janúar var stofnað Hinseginfélag FÁ og fengu félagsmenn aðstöðu til fundarhalda og héldu vikulega fundi á önninni.*

²⁴ Stofnun ársins 2017 – ítarleg greining:

http://www2.fa.is/stjornsysla/sjalfsmat/starfsanaegjumat/stofnun_arsins_2018.pdf

²⁵ Starfsánægjumat: <http://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/skyrslur-stefnur-og-aetlanir/sjalfsmat/starfsanaegjumat/>

4. Skólinn vill styðja við bakið á þeim sem leita sér hjálpar við fíknisjúkdómum.

Í skólanum er fjöldi fólks sem sækir styrk í samveru í gegnum AA samtökin. Skólinn hefur um árabil útvegað þessum nemendum aðstöðu til að halda og auglýsa sína fundi. Nám- og starfsráðgjafar hafa haldið úti hópráðgjöf fyrir þá sem eru í svokölluðu Grettistaki sem eru nemendur sem hafa verið í neyslu og eru að vinna í sínum málum. Loks reynir skólinn eftir föngum að koma til móts við þá sem fara í meðferð þannig að röskun á námi þeirra verði sem minnst..

Þjónusta skólans

1. Efla skal stórlega þjónustu skólans við nemendur með annað móðurmál en íslensku; AM nemendur.

Stöðugt er verið að leita leiða til að koma til móts við þessa nemendur. Nú eru talmálsáfangar í íslensku búnir að festa sig í sessi og er boðið upp á tvo slíka allar annir. Á þessu skólaári var brotið blað þegar kennarar áfangans buðu nemendum í hefðbundið íslenskt matarboð og auk þess greiddi skólinn kostnað af skoðunarferð þessa hóps um Suðurland á vordögum. Á þessu skólaári var einnig tekin upp sú nýbreytni að boða foreldra ósjálfráða AM nemenda í viðtal hjá kennslustjóra til að efla tengsl við heimilin og kynnast bakgrunni nemenda.

2. Framkvæma skal fleiri þjónustukannanir.

Ekkert varð af slíkri könnun á önninni.

3. Stefnt skal að því að rita gæðahandbók fyrir allan skólann og í framhaldi af því sækja um gæðavottun.

Fyrsta skref á þessari vegferð var tekið á skólaárinu þar sem rituð var gæðahandbók fyrir fjarnám og gæðastjórnunarkerfið sem hún byggir á var síðan vottað af vottunarfyrirtækinu iCert.

Kennslumál

1. Stefnt skal að því að einfalda og bæta spurningar í kennslumati. Þetta var gert á skólaárinu. Kennslumat haustannar var að vísu með óbreyttum hætti frá því sem verið hefur margar undanfarnar annir en

síðan var nýr og endurbættur spurningalisti lagður fyrir á vorönn. Svörun þá önn fór í 59% sem er hærra en margar síðustu annir.

2. Skólinn haldi áfram á þeirri leið að bjóða nemendum sínum fjölbreytt námsmat.

Kennarar eru stöðugt að leita leiða til að meta nemendur sína á fjölbreyttan hátt og yfir lengri tíma. Á þessu ári var unnið áfram að þessum málum, ekki hvað minnst í „Lærdómssamfélaginu“ sem er hópur kennara sem kom saman með reglulegu millibili á árinu og ræddi kennsluaðferðir og námsmat.

Mannauður skólans

1. Stefnt skal að því að fjölga þeim sem nota vistvænar samgöngur. *Þetta tókst ekki. Þeir sem fengu samgöngustyrk starfsmanna voru 25 þetta skólaár og fækkaði um einn frá síðasta ári.*
2. Efla skal samvinnu á kennara á faglegum grunni. *Um það bil 20 kennarar tóku þátt í starfsemi þverfaglegs starfshóps um nýjungar í kennsluaðferðum sem starfaði undir heitinu „Lærdómssamfélagið“ og hittist á þriggja til fjögurra vikna fresti báðar annir.*

Markmið sem stefnt skal að á skólaárinu 2019/2020

Hér á eftir fara markmið sem ýmist er framhaldið frá fyrra ári eða ný markmið. Nýju markmiðin eru afrakstur vinnu sjálfsmatsteymis auk fundar með kennurum og stjórnendum skólans.

Líðan nemenda og starfsmanna

1. Stefnt skal að því að auðvelda hinsegin nemendum dvölina í skólanum eftir því sem hægt er. *Meðal aðgerða sem gagnast þessum hópi er augin fræðsla og kynningarstarf sem æskilegt er að bjóða upp bæði utan kennslustunda og einnig í kennslu (lífsleikni, heilbrigðisfræði, íþróttum og víðar). Ókyngreind salerni ættu að vera að minnsta kosti á einum stað í skólanum.*

2. Raddir allra þurfa að heyrast í skólastarfinu.
Í 9. grein laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 er kveðið á um skólafund: „Í framhaldsskólum skal halda skólafund a.m.k. einu sinni á skólaári. Rétt til setu á skólafundi eiga allir starfsmenn skóla ásamt fulltrúum nemenda samkvæmt nánari ákvörðun skólameistara“. Stefnt skal að slíkum fundi strax á haustönn 2019. Sömuleiðis er mikilvægt að gæta þess að allir hagsmunaaðilar komi að starfi sjálfsmatsteymis s.s. AM-nemendur, fjarnemendur, foreldrar og aðrir sem ekki hafa átt aðild að því áður.
3. Huga þarf að kennslumhverfi nemenda og vellíðan þeirra í skólastofunni.
Fyrirhugað er að útbúa eina kennslustofu á óhefðbundinn hátt á næsta skólaári. Þar verður komið fyrir sófum og hægindastólum og reynt að skapa vistlegt umhverfi. Gert er ráð fyrir að stofan verði einkum notuð fyrir umræðutíma og hópavinnu eða annað það sem hentar hverju sinni.

Þjónusta skólans

1. Áfram skal unnið að því að auka þjónustu við nemendur með annað tungumál en íslensku.
Mikilvægt er að kennsla þessa hóps verði sniðin að þeirra veruleika og þeirra þörfum. Það á ekki síst við um íslensku- og samfélagsfræðikennslu.
2. Framkvæma skal fleiri þjónustukannanir.
Síðasta þjónustukönnun var framkvæmd 2014. Brýnt er orðið að kanna viðhorf nemenda til þjónustu skólans (skrifstofu, stjórnenda, bókasafns o.s.frv.).
3. Stefnt skal að því að rita gæðahandbók fyrir allan skólann og í framhaldi af því sækja um gæðavottun.
Stórt skref var stigið á þessu skólaári og nú er brýnt að leggja línurnar um framhaldið í þessum málum. Ljóst er að þetta er langtímaverkefni og því mikilvægt að vanda vel allan undirbúning.
4. Allar upplýsingar um námsstöðu nemenda og viðveru þeirra skulu liggja fyrir í INNU á hverjum tíma.
Þetta auðveldar stjórnendum, námsráðgjöfum og umsjónarkennurum að fylgjast með gengi nemenda og grípa til aðgerða ef þarf. Fyrir forráðamenn ósjálfráða nemenda er þetta einnig mikilvægt

5. Efla skal umsjónarkerfi skólans, einkum þann hluta sem snýr að yngri nemendum.

Með hækkuðum sjálfræðisaldri er á hverjum tíma nokkur fjöldi ósjálfráða nemenda í skólanum. Mikilvægt er að umsjónarkerfi skólans styðji við fyrstu skref þessara nemenda í framhaldsskóla. Í því skyni verða ráðnir í haust sérstakir umsjónarkennarar sem munu hitta þessa nemendur einu sinni í viku fyrstu námsönnina. Með þessum sameiginlegu tímum er verið að veita þeim aðhald og fræðslu en einnig leitast við að mynda samheldinn hóp sem stendur saman áfram gegnum sína skólagöngu.

6. Auðvelda skal forráðamönnum nemenda undir sjálfræðisaldri að tilkynna veikindi barna sinna.

Á haustönn verður tekin upp sú regla að forráðamenn verða að tilkynna veikindi barna sinna rafrænt í gegnum INNU og jafngildir sú skráning læknisvottorði. Um leið leggst af sú regla að nemendur fái fjarvistir fyrir fyrstu tvo daga í veikindum svo og að hægt verði að hafa samband við skrifstofu vegna veikindaskráninga. Skýrð veikindaforföll munu þó aldrei hækka mætingahlutfall nemanda hærra en í 92% þannig að fyrir þau fæst ekki mætingareining.

7. Efla skal þjónustu „Setursins“.

Setrið er heimanámsaðstoð nemenda og brýnt er að auka nýtingu þess og gera þjónustuna sýnilegri öllum nemendum.

Kennslumál

1. Unnið skal að því að bæta svörun í kennslumati.

Kennslumat gefur mjög mikilvægar upplýsingar um gæði kennslunnar og upplifun nemenda af námsumhverfinu. Mikilvægt er því að leitast við að auka svörun þannig að raddir sem flestra fái að heyrast.

2. Skólinn haldi áfram á þeirri leið að bjóða nemendum sínum fjölbreytt námsmat.

Stefnt er að því að námsmatsaðferðir verði sem fjölbreyttastar og kennurum falið að leita leiða til að meta kunnáttu nemenda á marga vegu.

3. Leita skal leiða til að minnka fall í byrjunaráföngum í kjarnagreinum.
Skoða þarf framsetningu námsefnis og námsmat í þessum greinum og aðstoða nemendur við að setja sér markmið á önninni. Íhuga hvort hægt sé að deila efninu upp í hluta þannig að próf í lok annar sé ekki nauðsynlega úr öllu efni áfangans.

Mannauður skólans

1. Áfram skal stefnt skal að því að fjölga þeim sem nota vistvænar samgöngur.
Í heilsuefandi skóla er heilsa og hagur starfsmanna ávallt í fyrirrúmi. Stefnt skal að því að fjölga starfsmönnum sem nota vistvænar samgöngur og að fjölga þeim sem fá samgöngustyrk.
2. Efla skal samvinnu á kennara á faglegum grunni.
Skólinn vill tryggja fagþekkingu starfsmanna á sem víðustum grunni. Í því skyni vill skólinn styðja við samvinnu kennara þvert á deildir og stuðla að því að áframhald verði á innanhússverkefninu „Lærdómssamfélagið“ þar sem kennarar koma saman, læra hver af öðrum og hjálpast að við að hrinda nýjungum í framkvæmd.
3. Starfsmenn skulu hvattir til að leita sér endur- og viðbótarmenntunar.
Alltaf eru nokkrir starfsmenn sem sækja námskeið eða eru í námi sem ætlað er að efla þá í starfi. Skólinn skal hvetja þessa starfsmenn og styðja eftir því sem hægt er.

Ímynd skólans

1. Leita skal leiða til að breyta ímynd skólans, ekki síst meðal grunnskólanema og aðstandenda þeirra.
Á skólaárinu var tekinn upp sá siður að bjóða elstu bekkjum í nálægum grunnskólum á morgunverðarkynningu í skólanum með forráðamönnum. Stefnt skal að því að halda þessu áfram ásamt því að leggja áfram áherslu „opið hús“ á vorönn í samvinnu við aðra framhaldsskóla sem og aðra fasta kynningarliði.
2. Leita skal leiða til að auka skuldbindingu allra nemenda við skólann og skólastarfið.

Árlega innritast þó nokkur fjöldi nemenda sem ekki valdi þennan skóla að loknu grunnskólanámi. Hluti þeirra flytur sig síðan um set við fyrsta tækifæri. Leita skal leiða til að minnka þann hóp eins og hægt er. Aukin áhersla á umsjónarstarf er mikilvæg í því sambandi en einnig skal leitast við að ná til þessara nemenda í gegnum nemendafélagið og hópastarf og fá þeim þar hvetjandi verkefni í takt við hæfileika þeirra og áhugasvið.

Reykjavík 26. júní 2019

Jóna Guðmundsdóttir

Sviðsstjóri